



Jóhann Viðar Ívarsson

Lífeyrismál eru eins og ræktin...

Lífeyrismálin eru eins og ræktin – þú veist að þau eru afar mikilvæg fyrir lífsgæði þín á efri árum en þú lætur samt alltof oft vera að verja tíma í þau. Og raunar talsvert líklegra að maður dragist í ræktina af og til en setjist yfir málefni lífeyrissjóðsins síns. Þess vegna er svo mikilvægt að stjórnir lífeyrissjóða séu vel mannaðar og vinni ötullega og eingöngu að hagsmunum sjóðfélaga, því aðhald og eftirlit með starfi þeirra er oft lítið.

Þess vegna vil ég gjarna koma að stjórn Frjálsa

Ég býð mig fram til starfa í stjórn Frjálsa vegna þess að ég hef einlægan áhuga á þeim málefnum sem tilvist lífeyrissjóða snýst um og held að ég muni gera mér og félögum mínum í sjóðnum gagn. Það held ég vegna þess að ég

- a) hef langa reynslu af skráðum og óskráðum fjárfestingum í öllum eignaflokkum, stýringu eigna og virkni fjármálamarkaða.
- b) þekki vel eignastýringarfræðin, þ.á.m. siðfræði eignastýringar fyrir 3ja aðila, og árangursmat eignastýringar.
- c) er vel að mér í greiningu á samhengi ávöxtunar og áhættu m.t.t. markmiða og aðstæðna.
- d) legg mikla áherslu á að stjórnarliðar Frjálsa séu þar einungis fyrir eigendur sjóðsins, veiti umsýslu- og eignastýringaraðila gott, faglegt aðhald, meti árangur, kostnað og áhættu gagnrýnum augum og hafi algert sjálfstæði og lokaorðið um óvenjulegar og meiriháttar fjárfestingarákvarðanir fyrir sjóðinn.

Stutt samantekt um reynslu og þekkingu

Ég hef unnið með meginfókus á fjármálamarkaði, rekstur og hagkerfi alla mína tíð, í þrjátíu ár, svo ótrúlegt sem það er þegar maður hugsar um það. Hef mestallan tímann unnið samhliða í praktíkinni á fjármálamarkaði og fræðunum í háskóla – enda styrkir hvort annað. Byrjaði í VÍB (Íslandsbanka) í árdaga, var hjá Kaupþingi eftir framhaldsnám (fyrir útrás að mestu!), kennari í fjármálum í háskóla, í eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf, greinandi félaga á kauphöll, sjálfstæður fjármálaráðgjafi og matsmaður og greinandi fyrirtækja í ferðaþjónustugreinum.

Ég er með MBA próf frá Warwick Business School á Englandi, framhaldsgráðu í hagfræði frá London School of Economics og BA próf í hagfræði og stjórnmálfræði frá HÍ. Þá er ég með verðbréfaréttindi á Íslandi.

Kontaktupplýsingar

Ef menn vilja spyrja mig frekar út í eitthvað, koma með tillögur eða skammast er um að gera að senda mér línu á dofraberg@gmail.com eða hringja í mig í 899 2000.